

Ed.

535. Breytingartillögur

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Guðrúnu Lárusdóttir.

1. Við 3. gr.
 - a. Við 3. málsg. bætist: Þó ber skólanefnd, í samráði við forráðamenn barnanna og hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, að sjá slíkum börnum fyrir dvalarstað um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem þurfa þykir, þar sem tryggt er, að þau verði fyrir góðum áhrifum og fái notið hæfilegrar fræðslu.
 - b. 4. málsg. orðist þannig:

 Þeim börnum, sem að dómi skólastjóra og kennara skortir andlega eða líkamlega hæfileika til að stunda nám, svo að gagni sé, með öðrum börnum, skal skólanefnd, í samráði við forráðamenn barnanna og hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, sjá fyrir sérstakri fræðslu við hæfi barnanna.
2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „nokkur islensk kvæði“ komi: og greina höfundu þeirra.
3. Við 13. gr. Við 2. málsg. bætist: Skólanefnd skal varast að mæla með öðrum kennurum en þeim, sem þekktir eru að reglusemi í hvivetna og eru ekki bendlaðir við stjórn málaáróður.